

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. janúar 2013
Tilvísun: UST20130100114/bs

Tillaga að matsáætlun vegna rannsóknaborana í Eldvörpum. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 15. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir:

Staðsetning

Umhverfisstofnun telur að fjalla eigi um mögulega valkosti varðandi staðsetningu raforkuvers við Eldvörp. Staðsetning þeirra hola sem ráðgert er að bora fyrst geta nýst hvort sem virkjun er staðsett austan eða vestan gígaradarinnar. Ef af vinnslu verður og virkjunin verður staðsett austan eldvarpa mun sú staðsetning hafa í för með sér að lagnaleið mun verða í gegnum gígaröðina þar sem hún er samfell og há og hraunið þar sem það er þykkast of úfnast. Fram kemur í tillögu að matsáætlun að fjallað hafi verið um mögulega valkosti varðandi staðsetningu virkjunar við gerð skipulags. Þessar upplýsingar eru því til og telur Umhverfisstofnun að fjalla eigi um mögulega staðsetningu virkjunar við Eldvörp þar sem staðsetningin ákvarðar staðsetningu borplana og mögulegar lagnaleiðir og þar með helstu áhrif rannsókna og vinnslu á jarðmyndanir.

Umhverfisstofnun telur að slík umfjöllun sé í samræmi við lið e. í annarri málsgrein 13. gr. í reglugerð nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun telur að leitast eigi við að staðsetja holur eingöngu á sléttu hrauni þar sem unnt verður að fjarlægja öll ummerki um borplön að undanskildum ummerkjum um kjallara.

Borplön

Umhverfisstofnun telur jákvætt að skilgreina hámarksstærð borplana við rannsókna- og vinnsluborana eins og gert er í umræddri tillögu. Umhverfisstofnun telur að leggja eigi fram ákveðnar hugmyndir um stærð plana að borun lokinni sem miðast við þarfir framkvæmdaáðila ef til orkuvinnslu kemur. Jafnframt ætti að gera grein fyrir endanlegum frágangi borplana og viðskilnaði að vinnslu lokinni. Slíkar áætlanir eru lagðar fram við mat á umhverfisáhrifum sambærilegra framkvæmda í Bandaríkjum Norður-Ameríku, sjá t.d. : Silver Peak Area Geothermal Exploration Project, Environmental Assessment. October 2012. Eða á vefslóð: [http://www.blm.gov/pgdata/etc/medialib/blm/nv/field_offices/battle_mountain_field/blm_information/nepa/rockwood_silver_peak.Par.86685.File.dat/Rockwood%20\(CFC\)%20Silver%20Peak%20Area%20EA%20\(508%20Compliant\).pdf](http://www.blm.gov/pgdata/etc/medialib/blm/nv/field_offices/battle_mountain_field/blm_information/nepa/rockwood_silver_peak.Par.86685.File.dat/Rockwood%20(CFC)%20Silver%20Peak%20Area%20EA%20(508%20Compliant).pdf)

Affallsvatn

Umhverfisstofnun telur að leggja eigi áherslu á að koma í veg fyrir útfellingar utan borplana eins og kostur er. Í því skyni verði notaðar setþrær og gámar sérstaklega þar sem hætt er á að kísilútfellingar myndist. Forðast ætti að veita affallsvatn í skurðum, en í stað þess að leiða affallsvatn í pípum að förgunarholum. Slíkt virðist vera algengt verklag við sambærilegar framkvæmdir í Bandaríkjunum sbr. fyrirnefnda matsskýrslu bls. 11.

Um förgunarholur segir m.a. í tillögu bls. 15: "*Óljóst er hversu lengi förgunarholurnar endast, en svifagnirnar munu safnast saman sem útfellingar og stífla þær.....Ef endingartími þeirra er mjög stuttur gæti þurft að bora fleiri förgunarholur.*"


Umhverfisstofnun telur að ef stefnt verði að förgun affallsvatn í sérstakar förgunarholur verði þess gætt að ekki verði hlé á förguninni þannig að kísilútfellingar myndist á yfirborði hrauns utan borplana. Því eigi að gera grein með hvaða hætti affallsvatni verði fargað þannig að tryggt sé að ekki safnist fyrir affallsvatn á yfirborði þannig að kísill falli út utan malarpúða borteiga.

Útivist og ferðamennska

Í tillögu að matásætlun er nokkuð fjallað um samspil orkuvinnslu og útivistar á og við fyrirhuguð framkvæmdasvæði. Umhverfisstofnun telur að í þessu skyni eigi að leitast við að afla upplýsinga um útivist hefur þróast í næsta nágrenni núverandi orkuvinnslusvæða, t. d. í Svartsengi og á Hellisheiði. Hér er ekki átt við ferðamenn sem koma gagnert til að kynna sér orkuvinnslu með heimsókn í stöðvarhús eða gestastofur.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda tillögu að matsáætlun.

Virðingarfyllst


Ólafur A Jónsson
Deildarstjóri


Björn Stefánsson